



Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála
Skuggasundi 3
101 REYKJAVÍK

Reykjavík, 2. mars 2020
Tilvísun: 2020020089

Efni: Kæra nr. 8/2020 vegna brennslu hunds, greinargerð Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) vísar til erindis Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sem barst með tölvupósti þann 10. febrúar ásamt fylgigönum varðandi mál nr. 8/2020. Í fylgigönum kemur fram að HER ásamt Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja séu kærð vegna "eftirlits með bálförum gæludýra" eins og það er orðað í erindi kæranda, Guðbrands Jónssonar kt. 020251-3879, Hamrakór 9, 203 Kópavogi dags. 2. júlí 2020 (á líklega að vera 2. febrúar 2020). Einnig kemur fram í kærunni að Dýraspítalinn í Víðdal sé kærður "fyrir ætlaða sviksemi í vöru og þjónustu við gæludýraeiganda/ur." Í kærunni rekur kærandi kaup á þjónustu af Dýraspítalanum í Víðidal vegna brennslu á hundi og svik sem hann telur sig hafa verið beittur vegna þessa. Hér á eftir er einungis greinargerð um það sem að HER snýr varðandi kæruna.

Dýraspítalar eru starfsleyfis- og eftirlitsskyldir skv. lögum nr. 7/1998 og reglugerðum byggðum á lögunum sem eiga við slíka starfsemi. Um starfsemi með dýr þ.á.m. dýraspítala gilda samræmd starfsleyfisskilyrði Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga á landsvísu auk almennra starfsleyfisskilyrða fyrir mengandi starfsemi. HER hefur einnig í bréfi dags. 16. maí 2012 sett dýraspítalanum í Víðidal reglur varðandi notkun brennsluofns fyrir dýrahræ til að koma í veg fyrir ónæði af völdum lyktar (sjá meðfylgjandi bréf). HER hefur eftirlit með Dýraspítalanum í Víðidal og er hann með gilt starfsleyfi frá heilbrigðisnefnd Reykjavíkur sem endurnýjað var 20. apríl 2010 og er með gildistíma til 20. apríl 2022. Kalka á Suðurnesjum er rekin á starfsleyfi gefnu út af Umhverfisstofnun og er undir eftirliti þaðan.

Dýraspítalanum ber að meðhöndla úrgang á fullnægjandi hátt, hvað varðar geymslu, flutning og förgun. Dýrahræjum er ýmist fargað á urðunarstaðnum í Álfnesi eða brennd í brennsluofni á staðnum að ósk eigenda dýranna. HER hefur ekki eftirlit með þjónustu Dýraspítalans við brennslu á einstökum dýrum og ber ekki skylda til að skoða við eftirlit afdrif einstakra dýra sem send eru til brennslu á Dýraspítalanum eða fargað á annan hátt að öðru leyti en því að skráningar yfir fjölda brennsla í brennsluofni og kvittanir fyrir förgun á dýrahræjum í Álfnesi eru skoðaðar í reglubundu eftirliti. Ekki hefur verið gerð athugasemd við meðferð og förgun dýrahræja undanfarin ár en krafist var ítarlegri skráninga á brennslu dýrahræja, þ.e. fjölda dýra og þyngd, við eftirlit 31. ágúst 2016. Búið var að bæta úr því við síðasta eftirlit þann 1. nóvember 2018. Vegna kvartana um ólykt frá brennsluofni hefur brennsla dýrahræja aðeins farið fram á nótunni síðustu ár.

Haft var samband við forsvarsmann dýraspítalans í kjölfar kærunnar og hafa engar breytingar orðið á meðferð og förgun dýrahræja frá síðasta eftirliti. Hins vegar kom kæran forsvarsmanni á óvart þar sem að sá hluti kærunnar er snýr að honum hefur ekki borist þangað. HER hefur yfirfarið skráningar og þar kemur fram að umræddur hundur var





Reykjavíkurborg

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

brenndur með sérbrennslu á dýraspítalanum í Víðidal þann 28. desember 2019.

Engin stjórnsýsluákvörðun var tekin af hálfu HER í máli þessu og því engin kæranleg ákvörðun fyrir hendi. Í því ljósi krefst HER þess að kæru þessari, hvað HER varðar, verði vísað frá.

Virðingarfyllst
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Árný Sigurðardóttir
framkvæmdastjóri

Meðfylgjandi:

Afrit af starfsleyfi, starfsleyfisskilyrði og eftirlitsskýrslur dags. 15. maí 2012, 31. ágúst 2016 og 1. nóvember 2018 og bréf dags. 16. maí 2012





2010040118 - Gilt

Málsnúmer: 2010040118

Búið til: 21.04.2010

Eigandi skjals: Árný Sigurðardóttir

Almennt

Kennitala:	660899-2789	Heiti:	Dýraspítalinn í Víðidal ehf.
Tegund starfsemi:	85.20.02	Lýsing á tegund starfsemi:	Vatnsveituvegur 4,
Sími:	Dýraspítalar	Staður:	REYKJAVÍK
Póstnúmer:	5409900 110	Bæjarfélag:	REYKJAVÍK

Leyfi

Númer leyfis:	2010040118	Utgáfudagur:	20.04.2010
Gerð leyfis:	<input checked="" type="checkbox"/> Heilbrigðis reglugerð <input checked="" type="checkbox"/> Mengunarvarnar reglugerð <input checked="" type="checkbox"/> Mengunarvarnarlöggiðjöf <input type="checkbox"/> Hollustuháttalöggiðjöf <input type="checkbox"/> Matvælalöggiðjöf <input type="checkbox"/> Leyfi frá Umhverfisstofnun <input type="checkbox"/> Leyfi frá Sýslumanni <input type="checkbox"/> Leyfi frá Umhverfisráðuneyti <input type="checkbox"/> Ekki starfsleyfisskylt	Fulltrúi UHR:	Svava S. Steinarsdóttir/BV/RVK/IS
Forráðamaður:	Ólöf Loftsdóttir	Kennitala forráðamanns:	221165-3659
Heimilisfang forráðamanns:	Arnartanga 53, 270 Mosfellsbæ	Heimasimi forráðamanns:	5666995
Staða innra eftirlits:	Á ekki við	Síðast útgefið:	
Staða leyfis:	<input checked="" type="radio"/> Gilt <input type="radio"/> Ógilt		

Nánar um leyfi

Póstfang:	Endurnýjun leyfis	Póstnúmer póstfangs:
Ástæða umsóknar:		Starfssemi hefst:
Gjaldflokkur:	2	Tíðni eftirlits:
Bráðabirgðaleyfi:	<input type="radio"/> Já <input type="radio"/> Nei	Húsnaði samþykkt:
Ástæða endaloks leyfis:	20.04.2022	Leyfi rennur út:

Athugasemdir:





Almenn starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi

1. Gildissvið og almenn ákvæði

- 1.1 Almenn starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi eru gefin út í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnustarfsemi og mengunarvarnaeftirlit, með síðari breytingum. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur eftirlit með starfseminni.
- 1.2 Handhafi starfsleyfis skal vera sá einstaklingur eða lögaðili sem rekur eða stýrir þeirri starfsemi sem starfsleyfið nær til, hér eftir kallaður rekstraraðili. Rekstraraðila ber að sjá til þess að starfsemin sé í samræmi við lög og reglur sem um starfsemina gilda og ákvæði starfsleyfisskilyrða. Rekstraraðili ber ábyrgð á að starfsemin fari með þeim hætti að hvorki fólkni né umhverfi stafi hætta af.
- 1.3 Heimilt er að endurskoða starfsleyfisskilyrðin ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða ef mengun er meiri en búast mátti við. Sama gildir ef nýjar reglur um mengunarvarnir taka gildi eða fram kemur ný tækni er leiðir til bættra mengunarvarna, samanber gr. 5 í rgl. 550/2018.
- 1.4 Um endurskoðun á starfsleyfisskilyrðum skal fara skv. ákvæðum í gr. 14 í reglugerð nr. 550/2018.
- 1.5 Verði meiri háttar breyting á rekstrinum eða breyting sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur ber að sækja um starfsleyfi að nýju.
- 1.6 Ef rekstraraðili fyrirhugar að gera breytingar á eðli, virkni eða umfangi starfseminnar sem varðað geta starfsleyfið ber honum að tilkynna Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur um það með a.m.k. 3 mánaða fyrirvara, sbr. gr. 13 í rgl. 550/2018. Heilbrigðiseftirlitið metur upplýsingarnar innan fjögurra vikna frá móttöku þeirra og tilkynnir rekstraraðila skriflega um það hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi.
- 1.7 Öll mengunaróhöpp þar sem hættuleg efni eða spilliefni berast í fráveitu, jarðveg, sjó eða yfirborðsvatn ber tafarlaust að tilkynna Heilbrigðiseftirlitinu.
- 1.8 Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrirmælum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um úrbætur getur Heilbrigðiseftirlitið beitt ákvæðum XVII kafla laga nr. 7/1998 til að knýja á um úrbætur.
- 1.9 Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sínnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.
- 1.10 Um opinbert eftirlit heilbrigðisnefndar Reykjavíkur með starfsleyfisskyldri starfsemi fer skv. gr. 57 í rgl. nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.
- 1.11 Starfsleyfi skal vera sýnilegt með áberandi hætti á starfsstöðinni. Eintak af skilyrðunum skal ávallt tiltækt á vinnustað og skal rekstraraðili bera ábyrgð á að efni þeirra sé kynnt viðkomandi starfsmönnum.



- 1.12 Almenningur á rétt á upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn í samræmi við ákvæði IV viðauka reglugerðar nr. 550/2018. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur birtir þær upplýsingar og niðurstöður eftirlits opinberlega. Birtingin er á vefsíðu embættisins eða með öðrum aðgengilegum hætti.

2. Lóð, athafnasvæði og húsnæði

- 2.1 Rekstraraðila er skylt að halda athafnasvæði, lóð og húsnæði hreinu og snyrtilegu og gæta þess að athafnasvæðið mengist ekki eða þar safnist fyrir úrgangur, svo og hlutir og búnaður sem ekki eru í notkun eða eru starfseminni óviðkomandi. Sorpgeymslur og ílát undir úrgang skulu standast kröfur Heilbrigðiseftirlitsins. Girðingum skal haldið við.
- 2.2 Virða skal lóðamörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en rekstraraðili hefur fengið til afnota. Notkun lóðar og húsnæðis skal samrýmast því skipulagi og notkunargildi sem skipulags- og byggingaryfirvöld hafa samþykkt. Heilbrigðiseftirlitið getur krafist þess að lóð eða svæði innan hennar sé afgirt.
- 2.3 Að öðru leyti skal hlýta ákvæðum gr. 16 og 18 í reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

3. Meðferð hættulegra efna

- 3.1 Geyma skal öll hættuleg efni á öruggan hátt í traustum og rétt merktum ílátum. Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt, að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið ónæði, heilsutjóni eða umhverfisskaða. Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu um að efnavara eða stök efni séu geymd í læstum hirslum
- 3.2 Hættuleg efni skulu ekki geymd utandyra nema tryggt sé að mönnum og umhverfi stafi ekki hætta af þeim.
- 3.3 Rekstraraðila er skylt að hafa aðgengileg uppfærð öryggisblöð fyrir hreint efni eða efnablöndu sé krafa um þau sbr. 30. gr. efnalaga nr. 61/2013.
- 3.4 Umbúðir hættulegra efna skulu merktar samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablanda.
- 3.5 Starfsfólk skal hafa fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækra á vinnustaðnum.
- 3.6 Heilbrigðiseftirlitið getur gert kröfu um að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlun vegna mögulegra óhappa við meðhöndlun á varasömum efnum. Áætlunina skal uppfæra eftir þörfum við breytingar á starfsemi, á efnum eða aðstæðum á starfsstöð. Viðbragðsáætlunin þarf að vera sýnileg á áberandi stað í starfsstöðinni. Hún skal yfirfarin reglubundið með starfsmönnum. Æfa skal viðbrögð við óhöppum a.m.k. einu sinni á ári. Áætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.

4. Meðferð úrgangs og spilliefna

- 4.1 Draga skal úr myndun úrgangs eins og kostur er.
- 4.2 Meðferð úrgangs skal miðast við að úrgangur sé endurnotaður eða endurnýttur þegar þess er nokkur kostur. Meðal annars skulu einstakar gerðir úrgangs flokkaðar sérstaklega sé það nauðsynlegt til að endurnotkun eða endurnýting geti farið fram.



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Umhverfisefftirlit

Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

- 4.3 Rekstraraðili skal eftir mætti draga úr myndun umhverfisspillandi efna, m.a. með notkun umhverfisvænna efna, með endurnýtingu, endurvinnslu eða endurhæfingu efna.
- 4.4 Spilliefni skulu geymd þannig að ekki sé hætta á mengun umhverfisins eða skaðlegum áhrifum á fólk eða dýr. Spilliefnum skal safnað í lokuð traust ílát sem henta viðkomandi efnum. Einstökum spilliefnategundum skal haldið aðskildum og aðgreina skal spilliefnablöndur þar sem kostur er. Óheimilt er að blanda spilliefnum við annan úrgang nema Umhverfisstofnun hafi veitt til þess leyfi. Ílátin skulu merkt með orðinu „spilliefni“ og innihaldi. Pau skulu tryggilega varðveitt þar til þau eru flutt til eyðingar eða meðhöndlunar þannig að ekki sé hætta á að umbúðir verði fyrir hnjasí.
- 4.5 Óheimilt er með öllu að losa spilliefni í fráveitu.
- 4.6 Spilliefni skal ekki geyma til langframa og skal skilað reglulega til aðila sem starfsleyfi hafa til móttöku eða flutnings viðkomandi úrgangs.
- 4.7 Þegar rekstraraðili afhendir spilliefni til flutningsaðila eða móttökustöðvar skal halda eftir skriflegri staðfestingu fyrir móttökunni þar sem fram kemur nafn flutningsaðila, magn (kg, l), flokkun og gerð úrgangs. Staðfestingar síðustu 5 ára skulu aðgengilegar við eftirlit í fyrirtækinu.
- 4.8 Leggist starfsemin niður skal öllum spilliefnum og ónothæfum efnum skilað til móttökustöðvar fyrir spilliefni.
- 4.9 Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni m.s.br. Um skilgreiningu á spilliefnum fer skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs m.s.br.

5. Mengunarvarnir

- 5.1 Öll losun mengandi efna er óheimil án tilskilinna leyfa.
- 5.2 Rekstraraðila ber að gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir að vatn, loft eða jarðvegur mengist. Halda skal í lágmarki mengun sem getur borist langar leiðir eða til annarra landa. Rekstraraðila er skyld að verða við kröfum Heilbrigðiseftirlitsins um úrbætur í mengunarvörnum þ.á.m. uppsetningu mengunarvarnabúnaðar, s.s. hreinsunarbúnaðar, loftútrása og hávaðavarna.
- 5.3 Ástand véla og tækja skal vera með þeim hætti að ekki valdi meiri mengun en ella. Ástand og eftirlit með mengunarvarnabúnaði skal vera þannig að búnaðurinn virki eins vel og kostur er.
- 5.4 Rekstraraðila ber að tryggja að atvinnureksturinn sé með þeim hætti að allar viðeigandi mengunarvarnir séu viðhafðar, og til þess sé beitt bestu aðgengilegu tækni (BAT), hafi hún verið skilgreind. Orku skal nýta vel.
- 5.5 Heilbrigðiseftirlitið getur farið fram á að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlun vegna mögulegra mengunaróhappa. Áætlunina skal uppfæra eftir þörfum við breytingar á starfsemi, efnum eða aðstæðum á starfsstöð. Viðbragðsáætlunin þarf að vera sýnileg á áberandi stað í starfsstöðinni. Hún skal yfirfarin reglubundið með starfsmönnum. Æfa skal viðbrögð við óhöppum a.m.k. einu sinni á ári. Áætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.
- 5.6 Rekstraraðila er skyld að gera allt sem í hans valdi stendur til að draga úr hávaða og koma í veg fyrir ónæði og heilsuspíllandi áhrif af völdum hávaða frá starfseminni. Um hávaða fer að öðru leyti skv. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.



- 5.7 Starfseminni skal þannig háttað að hún valdi ekki fólki í nágrenninu ónæði, óþægindum eða heilsufarslegrí hættu vegna mengunar. Komi upp vandamál vegna lyktar eða mengandi efna frá útblæstri, er rekstraraðila skylt að verða við kröfum Heilbrigðiseftirlitsins um úrbætur, s.s. uppsetningu hreinsibúnaðar eða hærri útrásar. sbr. gr. 5.2.
- 5.8 Þar sem fljótandi mengandi efni eru til staðar s.s. hættuleg efni, olíuefni og spilliefni skal undirlag vera vökvahelt og viðbragðsbúnaður hafður til taks, s.s. ílát og efni eða búnaður sem sýgur í sig vökva. Uppsogsgeta búnaðar skal taka mið af magni efna sem geymd eru á staðnum og eðli. Þar sem mikið magn framangreindra efna er til staðar skal auk þess hafa tiltækan búnað til að loka niðurföllum eða hindra á annan hátt að efnin geti borist í niðurföll. Heilbrigðiseftirlitið getur í sérstökum tilvikum gert kröfu um búnað, s.s. safntank eða lokubúnað á olíuskilju til að koma í veg fyrir að mengandi efni berist í fráveitu ef óhapp verður. Ef óhapp á sér stað skal leggja áherslu á að hefta útbreiðslu efnanna við uppsprettu og ná þeim upp áður en þau komast í frárennsli.
- 5.9 Við rekstur olíugeyma, meðhöndlun, notkun og geymslu á olíu, lýsi og grút, lífdísel og öðru lífeldsneyti, íblöndunarefni eða lífrænum leysum sem hafa svipaða eiginleika og olía og úrgangur þessara efna er meðhöndlaður eða geymdur ber að fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, m.s.br.
- 5.10 Þar sem neyslu-, húsa- eða lausageymar eru í notkun skulu vera öruggar mengunar-, áreksturs-, eld- og slysavarnir.
- 5.11 Neyslugeymar sem notaðir eru fyrir áfyllingu á farartæki skulu vera með yfirfyllingarviðvörun eða yfirfyllingavörn. Afgreiðsluplan tengt olíuskilju skal vera við neyslugeyma til afgreiðslu á ökutæki, sbr. þó undanþáguákvæði í gr. 41. í rgl. 884/2017. Olíuskilja skal vera skv. leiðbeiningum Umhverfisstofnunar og gildandi stöðulum sbr. viðauka II í rgl. 884/2017. Olíu- og sandskiljur skal skoða og yfirfara reglulega, en þó eigi sjaldnar en á 6 mánaða fresti, og tæma og hreinsa eftir þörfum með hliðsjón af leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um olíuskiljur.
- 5.12 Gengið skal þannig frá neyslugeymum að ekki geti orðið sjálfrennsli frá þeim.
- 5.13 Neyslugeymir skal útbúinn afgreiðslubyssu með útsláttarbúnaði sem lokar fyrir rennsli áður en yfirfylling á sér stað. Afgreiðslubyssur skulu þannig útbúnar að ekki sé hægt að festa þær í opinni stöðu á milli afgreiðslna.
- 5.14 Þar sem olíuefni af jarðefnaolíuuppruna eru notuð skal koma í veg fyrir að þau berist út í umhverfið. Ef gera má ráð fyrir að olíuefni berist í frárennsli skal frárennslið leitt um olíuskilju. Olíuskilja skal vera skv. leiðbeiningum Umhverfisstofnunar. Á olíuskiljunni skal vera búnaður til að loka fyrir frárennsli frá henni, þannig að hægt sé að safna þar olíu og dæla beint úr skiljunni verði stórfellt óhapp.
- 5.15 Við rekstur kælikerfa með ósoneyðandi kælimiðlum skal fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins, ásamt síðari breytingum.
- 5.16 Að öðru leyti skal fylgja ákvæðum rgl. 860/2000 um amalgammengað vatn og amalgammengaðan úrgang frá tannlæknastofum, rgl. nr. 920/2016 um brennisteinsdioxíð, köfnunarefnisdioxíð og köfnunarefnisoxíð, bensen, kolsýring, svifryk og blý í andrúmslofti og upplýsingar til almennings, rgl. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) ásamt síðari breytingum, rgl. 787/1999 um loftgæði, rgl. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, rgl. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns, rgl. 798/1999 um fráveitur og skólp, rgl. 799/1999 um meðhöndlun seyru, rgl. 804/1999 um varnir gegn



mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri og rgl. 809/1999 um olíuúrgang.

6. Eigið eftirlit og skráningar

- 6.1 Rekstraraðili skal hafa eftirlit með öllum rekstrarþáttum sem geta haft í för með sér mengun. Jafnóðum skal skrá og geyma upplýsingar um:
- Eftirlit með, úttektir, prófanir, bilanir og viðhald á mengunarvarnabúnaði, þ.m.t. hreinsun á síum, olíuskiljum, skorsteinum og loftrásum.
 - Öll mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim.
 - Magn (kg,l) og gerð spilliefna sem skilað hefur verið til móttökustöðvar eða flutningsaðila. Enn fremur nafn flutningsaðila og móttökustöðvar.
 - Annað sem ber að skrá skv. ákvæðum reglugerða eða sértækra starfsleyfisskilyrða.

7 Starfsemi hætt

- 7.1 Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, skal gera ráðstafanir til þess að úrgangi, eftirlit með mengun og búnaði verði ráðstafað á viðurkenndan hátt til að fyrirbyggja mengun og til hreinsunar lóðar. Tilkynna skal Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur með a.m.k. mánaðar fyrirvara um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi.
- 7.2 Ef líkur eru taldar á því að athafnasvæði fyrirtækis hafi mengast, skal rekstraraðili ganga úr skugga um hvort svo sé þegar starfsemin er lögð niður eða flutt. Komi í ljós mengun skal fyrirtækið láta hreinsa svæðið á sinn kostnað, gerist þess þörf. Við ákvörðun um athugun á athafnasvæði, mat á mengun, hreinsunarþörf og hreinsiaðgerðir skal haft fullt samráð við Heilbrigðiseftirlitið.
- 7.3 Að öðru leyti skal hlýta ákvæðum gr. 16 og 18 í rgl nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Samþykkt á 10. fundi umhverfis- og heilbrigðisráðs Reykjavíkur 5.12.2018.

STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR STARFSEMI MEÐ GÆLUDÝR

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna hollustuháttu, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

Rgl.nr.	Uppfyllt	
1.1 Starfsleyfið gildir fyrir mengunarvarnir, aðbúnað, aðkomu og öryggi gesta og viðskiptavina í starfsemi vegna geymslu og umhirðu dýra s.s. dýragæslur, dýralæknastofur, dýrasnyrtistofur, dýraspítala, gæludýraverslanir, dýragarða og umfangsmiklar dýrasýningar.	941/2002	
1.2 Starfsleyfið gildir aðeins í húsnæði sem tilgreint er í starfsleyfisumsókn og hlotið hefur samþykki byggingarfulltrúa og skipulagsyfirvalda fyrir starfsemina. Starfsleyfið tekur til húsnæðis og lóðar.	941/2002 og 112/2012	
1.3 Ef um annan starfsleyfisskyldan rekstur er að ræða samhliða gilda viðeigandi starfsleyfisskilyrði.	941/2002 og 785/1999	
1.4 Þess skal gætt við staðsetningu dýrabjónustu að hún valdi ekki ónæði s.s. vegna hávaða og/eða lyktarmengunar.	724/2008	
1.5 Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfisskilyrðum.	941/2002, 13.gr	
1.6 Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu um innra eftirlit vegna starfseminnar.	941/2002, 9. gr	

Rgl.nr.

Uppfyllt

2. HÚSNÆÐI OG BÚNAÐUR

2.1 Húsnæði skal vera vel viðhaldið. Húsnæðið skal vera aðskilið frá óskyldum atvinnurekstri eða íbúð.	941/2002 16. gr	
2.2 Húsakynni skulu vera hæfilega hituð og lofræst á fullnægjandi hátt.	941/2002 IV. kafli	
2.3 Þar sem við á skal lóð girt af með dýraheldri girðingu.	941/2002 IV. kafli	
2.4 Viðskiptavinir skulu eiga aðgang að fullbúinni snyrtingu með einnota handþurrkum og fullnægjandi lofræsingu.	941/2002 IV. kafli	
2.5 Læst og vel lofræst ræstiaðstaða skal vera til staðar. Þar skal vera nægilegt geymslurými fyrir ræstiáhöld og efnavöru.	941/2002 14. gr	
2.6 Nota skal umhverfisvæn efni til þrifa þar sem því verður við komið og forðast óþarfa notkun efnavara.	941/2002 14. gr	
2.7 Fara skal að ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólp eftir því sem við á.	798/1999	

3. HREINLÆTI OG ÞRIF

3.1	Húsnæði og lóð þar sem fram fer gæludýrahald skal þrifið daglega eða oftar sem ræðst af notkun. Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu um innra eftirlit vegna þrifa.	941/2002 IV. kafli	
3.2	Frágangur húsnæðis skal þannig gerður að auðvelt sé til þrifa.	941/2002 IV. kafli	
3.3	Loftræsikerfi skal hreinsa reglubundið í samræmi við fyrilliggjandi þjónustu- og rekstrarhandbók.	941/2002 IV. kafli	
3.4	Tóbaksnotkun er bönnuð þar sem almenningur leitar þjónustu.	Lög 6/2002	

4. Sóttvarnir

4.1	Fara skal að ákvæðum hollustuháttareglugerðar vegna ormahreinsunar á hundum og köttum.	941/2002 XV. kafli	
4.2	Rekstraraðilar fyrirtækja sem sjá um vörslu dýra er heimilt að fara fram á vottorð um hreinsun á hundi eða ketti.		
4.3	Dýrahræ skal flytja til viðurkenndrar móttökustöðvar.	737/2003	

5. ÖRYGGGI OG SLYSAVARNIR

5.1	Gæludýr skulu ekki ganga laus þannig að viðskiptavinum sé hætta búin.	941/2002 9. og 11. gr	
5.2	Dýrageymslur skulu vera þannig gerðar að ekki sé hætta á að dýr geti sloppið.	941/2002 9. og 11. gr	
5.3	Í umgengni við dýr skal gæta varúðar þannig að hvorki hljótist af slys eða sýkingar.	941/2002 XV. kafli	

6. UMHVERFISMÁL

6.1	Aðkoma og athafnasvæði skulu hrein og uppfylla almenn öryggissjónarmið.	941/2002 14. gr	
6.2	Leitast skal við að draga úr sorpmyndun með endurvinnslu úrgangs.	737/2003	
6.3	Spilliefnum og lyfjaleifum skal safna og koma til viðurkenndrar móttökustöðvar.	737/2003	
6.4	Lyf og hættuleg efni skal geyma í læstum skápur. Efnavara skal merkt í samræmi við eiturefnalöggjöf og fargað á viðurkenndum móttökustöðum.	806/1999 og 737/2003 Viðauki I	


Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002, reglugerð um

meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð um spilliefni nr. 806/1999, reglugerð nr. 236/1990 um flokkun og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni, lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir, reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn, byggingarreglugerð nr. 112/2012

Atvinnugreinaflokkur (ISAT95): 01.42.0.1 hundahótel, 01.42.0.2 Hunda og kattahótel, 52.49.1.0 gæludýraverslun, , 85.20.0.0, dýralæknastofur, 85.20.0.5 dýrasnyrtistofur, 85.20.0.4 dýragæsla, 85.20.02 dýraspítalar, 85.20.0.6 dýragarðar og dýrasýningar, 92.53.0.1 húsdýragarðar

Reykjavík 12.07.2018



Kristín Linda Árnadóttir



Reglugundið eftirlit
Málsnúmer: 2012050180
Búið til: 15.05.2012
Eigandi skjals: Svava S. Steinarsdóttir

Eftirlitsskýrsla

Dagsetning ferðar:	15.05.2012	Tími ferðar:	09:00 - 10:30
Fulltrúi HER:	Svava S.	Fulltrúi HER sem fór með:	
Tilefni skýrslu:	Steinarsdóttir/BV/RVK/IS		
Fyrirtækjaflokkur:	Reglubundið eftirlit 85.20.02 Dýraspítalar		

Leyfi og eftirlitsferð

Númer leyfis:	Dýraspítalinn í Vífidal ehf.	Kennitala leyfishafa:	660899-2789
Heiti leyfishafa:		Staður leyfishafa:	Vatnsveituvegur 4
Hvert eftirlitsferð var farin:		Staða reiknings:	Reikningsfært
		Númer reiknings:	12050074

Athugasemdir

Athugasemdir:

Komið í reglugundið eftirlit. Farið var yfir svæðið í fylgd Ólafar dýralæknis.

1. Skoðuð voru almenn þrif. Rými voru öll vel þrifin. Ræstiaðstaða til staðar án ræstivasks, notaður er vaskur í geymslu/pvottaaðstöðu. Þar eru einnig ræstivörur geymdar. Almenningur hefur engan aðgang að herberginu með ræstivörunum.
2. Handspritt og sápa við alla vaska, handfrjáls handlaug er á skurðstofu. Kominn er nýr autoklav, Anima prestige medical. Sporaprófa þarf autoklavann árlega.
3. Nálabox eru á öllum aðgerðarstofum Boxin eru svo settt í stórar tunnur sem einnig sérstaklega gerðar fyrir svona úrgang. Allar stóru tunnurnar voru vellokaðar við eftirlit.
4. Loftræsikerfi er í húsinu, nýlegt. Á skurðstofu er útsog sem tekið er upp fyrir þakbrún.
5. Brennsluofn skoðaður. Haldin hefur verið dagbók yfir það hvað sett er í ofninn. Skráningar þurfa að vera nákvæmari, fjöldi dýra/áætluð þyngd. Aska er sett í poka og fargað í almennu sorpi. Sóttmengaður úrgangur og hræ eru brennd í ofninum. Rætt var um kvartanir út af ólykt frá ofninum og talað um leiðir til úrbóta. Ekki verður brennt meðan á landsmóti hestamanna stendur né þegar almenn mótt eða uppákomur eru á hesthúsasvæðinu. Brennsla mun alltaf hefjast kl. 8. Ofninn var í gangi við eftirlit. Farið var upp í hesthúsahverfið fyrir ofan spítalann og kannað hvort lykt væri að berast upp í hverfið. Engin lykt fannst í hverfinu sjálfu en þegar staðið var á hæð fyrir ofan spítalann var hægt að greina smá hitalykt frá ofninum. Umhverfi ofnsins er snyrtilegt og vel við haldið. Girða þarf ofninn af til að hindra aðgengi almennings. Sett verða skilyrði fyrir notkun ofnsins í bréfi.
6. Skoðað hestagerði við hliðina á hestaspítalahluta hússins. Þar er lítil taðþró, snyrtilegt í kringum hana, búið að setja lok á hana.
7. Hrætunna fyrir löggreglu er ekki með lás, en hún er vellokuð. Er eingöngu notuð ef dýr finnast á nótunni. Vandamálið er að löggreglan geymir oft hræ í tunnu niðri í bæ í smá tíma áður en komið er uppeftir með þau, þau eru þá orðin illa rotin og ógeðsleg.
8. Skoðuð var fóðurgeymsla og rannsóknastofuaðstaða. Engar athugasemdir.
9. Lyfjageymslan er læst og í henni er öryggisskápur fyrir sérstök lyf. Allt í góðu lagi, lyfjaeftirlitið nýbúið að skoða.
10. Skoðaður var hestaspítali. Búið að bæta gólfefni, allt snyrtilegt og vel viðhaldið.
11. Digital röntgenbúnaður til staðar.
12. Firring sér um meindýravarnir. Beitistöðvar fyrir utan hús. Staðfest er að eftirlit er reglugundið.
13. Kvittanir fyrir skil á spilliefnum eru til staðar. Nýjasta kvittun er frá 12/1 2012, þá var skilað



Reykjavíkurborg

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

106 kg af náum og rannsóknastofuúrgangi.

14. Framkvæmdir eru í gangi á lóð, malbika á planið og búið að leggja dren.

Kröfur

Niðurstaða eftirlits

Á einungis við starfsleyfiskýld fyrirtæki í Reykjavík. Niðurstaða er birt á heimasiðu Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur að loknum andmælarétti. Jafnframt er hægt að óska eftir að fá eftirlitsskýrslu senda

- 5 - Kröfur uppfylltar / fáeinar ábendingar
- 4 - Fáein frávik / ábendingar
- 3 - Frávik / ábendingar
- 2 - Aðkallandi frávik / ábendingar
- 1 - Starfsemi takmörkuð / stöðvuð að hluta
- 0 - Starfsemi stöðvuð

Hollustuhættir:

Matvæli:

Mengunarvarnir:

Heildareinkunn:





Dýraspítalinn í Víðidal ehf.
Vatnsveituvegur 4
110 REYKJAVÍK

Reykjavík, 16. maí 2012
Tilvísun: 2012050180/25.1.6

Efni: Reglubundið eftirlit Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur 2012

Þann 15. maí s.l. kom heilbrigðisfulltrúi frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur í reglubundið eftirlit í fyrirtækið. Engar athugasemdir voru gerðar við aðbúnað, þrif, geymslu úrgangs eða förgun. Brennsluofn var skoðaður sérstaklega vegna kvartanna um ólykt og reyk.

Meðfylgjandi þessu bréfi er eftirlitsskýrsla eins og hún er skráð í skráningarkerfi Umhverfis- og samgöngusviðs.

Í kjölfar eftirlitsins setur Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur eftirfarandi skilyrði fyrir notkun brennsluofnsins:

1. Brennsla skal hefjast eigi síðar en kl. 08:00.
2. Óheimilt er að brenna mjög feit dýr eða annað sem gæti leitt til ólyktar eða reykmyndunar frá ofninum.
3. Skrá skal dagsetningu, fjölda dýra og áætlað magn í hverri brennslu í dagbók sem skal vera aðgengileg Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur.
4. Óheimilt er að brenna þegar viðburðir s.s. mótt eru í gangi á hesthúsasvæði.
5. Girða skal ofninn að til að hindra aðgengi almennings að honum.
6. Bili ofninn eða annað verður til þess að mengun, reykur og ólykt berst upp á hesthúsasvæði skal láta Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur vita.

Ef fyrirtækið hefur einhverjar athugasemdir fram að færa við þessar ákvarðanir óskast þær sendar skriflega til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, innan tveggja vikna frá dagsetningu þessa bréfs.

Virðingarfyllst
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Svava S. Steinarsdóttir
Heilbrigðisfulltrúi

Meðfylgjandi:
Eftirlitsskýrsla dags. 15. maí 2012



Reglugundið eftirlit
Málsnúmer: 2016080501
Búið til: 31.08.2016
Eigandi skjals: Ásgeir Björnsson

Eftirlitsskýrsla

Dagsetning ferðar:	31.08.2016	Tími ferðar:	09:30 - 10:34
Fulltrúi HER:	Ásgeir Björnsson/BV/RVK/IS	Fulltrúi HER sem fór með:	
Tilefni skýrslu:	Reglugundið eftirlit		
Fyrirtækjaflokkur:	85.20.02 Dýraspítalar		

Leyfi og eftirlitsferð

Númer leyfis:	Dýraspítalinn í Víðidal ehf.	Kennitala leyfishafa:	660899-2789
Heiti leyfishafa:		Staður leyfishafa:	Vatnsveituvegur 4
Hvert eftirlitsferð var farin:		Staða reiknings:	Reikningsfært
		Númer reiknings:	16080228

Athugasemdir

Athugasemdir:

Fulltrúi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) kom í reglugundið eftirlit þann 31. ágúst sl. Farið var yfir svæðið í fylgd Ólafar dýralæknis.

Almennt

- Starfsleyfi hefur verið uppi á vegg á kaffistofu, en má framvegis vera á meira áberandi stað fyrir viðskiptavini að sjá.

Hreinlæti og þrif

- Skoðuð voru almenn þrif. Rými voru öll vel þrifin. Ræstiaðstaða til staðar án ræstivasks, notaður er vaskur í geymslu/pvottaaðstöðu. Nota ræstivagn. Þar eru einnig ræstivörur geymdar. Almenningur hefur engan aðgang að herbergini með ræstivörunum.
- Handspritt og sápa við alla vaska.

Húsnaði og búnaður

- Handfrjáls handlaug er á skurðstofu.
- Gashylki stóð á gólfí inni á skurðstofu án þess að vera fest við fastan stuðning, sem þarf að lagfæra.
- Anima prestige medical gufusæfir. Nýbúið að skipta honum út vegna bilunar, kemur aftur eftir viðgerð. Sporapróf voru ekki til staðar, sem þarf að lagfæra. Senda á afrit af kvittun/niðurstöðu fyrir nýrri sporamælingu til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, Borgartún 12-14, 105 Reykjavík, eða með tölvupósti á asgeir.bjornsson@reykjavik.is.
- Nálabox eru á öllum aðgerðarstofum. Boxin eru svo settt í stórar tunnur sem einnig sérstaklega gerðar fyrir svona úrgang. Allar stóru tunnurnar voru vel lokaðar við eftirlit.
- Nýlegt lofræsikerfi er í húsinu. Á skurðstofu er útsog sem tekið er upp fyrir þakbrún.
- Skoðað var hestagerði við hliðina á hestaspítalahluta hússins. Þar er lítil taðþró, snyrtilegt í kringum hana, búið að setja lok á hana.
- Skoðuð var rannsóknastofuaðstaða. Fóðurgeymsla er með vetrarforða af heyboggum. Engar athugasemdir.
- Lyfjageymslan er læst og í henni er öryggisskápur fyrir sérstök lyf. Allt í góðu lagi, lyfjaeftirlitið með reglugundið eftirlit.
- Skoðaður var hestaspítali. Búið að bæta gólfefni, allt snyrtilegt og vel viðhaldið.
- Digital röntgenbúnaður til staðar.
- Brennsluofn skoðaður. Sóttmengaður úrgangur og hræ eru brennd í ofninum. Nýlega var sett upp sjálfvirk tímastýringu á brennslunni. Í kjölfarið hefur brennsluofninn eingöngu verið



Reykjavíkurborg

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

keyrður um nætur. Það eru því minni líkur á lyktarmengun að morgni og væntanlega kvartanir úr sögunni. Á síðasta ári var brennsluofninn endurnýjaður (1. júlí), sama tegund og áður nema aðeins meira rúmtak í brennslurými. Hámarksþyngd í brennslu hefur verið 60 kg en er nú orðin 70-80 kg. HER gerir ekki athugasemdir við það svo framalega sem ekki verða kvartanir út af brennslunni sem tengjast auki magni dýra í hverri brennslu. Haldin hefur verið dagbók yfir það hvað sett er í ofninn. Skráningar þurfa að vera nákvæmari, og hafa einnig fjölda dýra/áætlaða þyngd. Um er að ræða ítrekaða athugasemd. Aska er sett í poka og farga í almennu sorpi. Ekki verður brennt meðan á landsmóti hestamanna stendur né þegar almenn mótt eða uppákomur eru á hesthúsasvæðinu. Umhverfi ofnsins er snytilegt og vel við haldið. Girða þarf ofninn af til að hindra aðgengi almennings. Um er að ræða ítrekaða athugasemd. Eingöngu eru brennd dýr sem tengjast starfsemi spítalans og dýr sem lögregla setur í hrætunnu við húsið.

- Hrætunna fyrir lögreglu er ekki með láss, en hún er vellokuð. Er eingöngu notuð ef dýr finnast á nótunni.

Meindýrvarnir og úrgangur

- Firing sér um meindýrvarnir. Beitustöðvar fyrir utan hús. Staðfest er að eftirlit er reglubundið, Síðasta kvittun frá 28.7.2016.
- Kvittanir fyrir síðustu skil á spilliefnum voru til staðar. Síðast kvittun frá s 4.3.2016 sl., en þá var skilað 73 kg af sprautunálum/sóttmenguðum úrgang.

Annað

- Til stendur að breyta hluta hestaaðstöðu í skoðunarstofu fyrir gæludýr.

Kröfur

Niðurstaða eftirlits

Á einungis við starfsleyfiskylt fyrirtæki í Reykjavík. Niðurstaða er birt á heimasiðu Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur að loknum andmælarétti. Jafnframt er hægt að óska eftir að fá eftirlitsskýrslu senda

- 5 - Kröfur uppfylltar / fáeinarr ábendingar
4 - Fáein frávik / ábendingar
3 - Frávik / ábendingar
2 - Aðkallandi frávik / ábendingar
1 - Starfsemi takmörkuð / stöðvuð að hluta
0 - Starfsemi stöðvuð

Hollustuhættir:

Matvæli:

Mengunarvarnir:

Heildareinkunn:



**Reglubundið eftirlit**

Málsnúmer: 2018110111

Búið til: 09.11.2018

Eigandi skjals: Berglind Ósk Þ Þórólfssdóttir

Eftirlitsskýrsla

Dagsetning ferðar:	01.11.2018	Tími ferðar:	11:00 - 11:45
Fulltrúi HER:	Berglind Ósk Þ Þórólfssdóttir/BV/RVK/IS	Fulltrúi HER sem fór með:	
Tilefni skýrslu: Fyrirtækjaflokkur:	Reglubundið eftirlit 85.20.02 Dýraspítalar		

Leyfi og eftirlitsferð

Númer leyfis:		Kennitala leyfishafa:	660899-2789
Heiti leyfishafa:	Dýraspítalinn í Víðidal ehf.	Staður leyfishafa:	Vatnsveituvegur 4
Hvert eftirlitsferð var farin:		Staða reiknings:	Reikningsfært

18110064

Athugasemdir

Skýringar á hugtökum:

Frávik eru skráð ef um er að ræða skýr brot á ákvæðum starfsleyfis eða laga og reglugerða er um starfsemina gilda. Um er að ræða frávik sem fylgt er sérstaklega eftir við eftirfylgni.

Ábending er skráð ef ekki er skýrt að um frávik sé að ræða en um er að ræða ástand sem heilbrigðisfulltrúi telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis.

Athugasemdir:

þann 1. nóvember 2018 kom fulltrúi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur í reglubundið heilbrigðiseftirlit með Dýraspítalanum í Víðidal. Rætt var við Ólöfu Loftsdóttur dýralækni og gengið með henni um aðstöðuna.

Húsnaði og búnaður

Starfsleyfið er sýnilegt í móttöku.

Handfrjáls handlaug er á skurðstofu.

Gashylki eru föst við veggi.

Eru með nýjan autoklava sem hefur ekki verið sporaprófaður. Mælt er með að sporaprófa hann í byrjun næsta árs og senda niðurstöðu til HER. **Ábending.**

Ultrasonic tæki einnig til staðar.

Nálabox eru á öllum aðgerðarstofum. Boxin eru svo sett í stærri gular tunnur. Skilað til Efnamóttökunnar.

Loftræsting í lagi, útsog sem tekið er upp fyrir þakbrún.

Hestagerði er við hliðina á hestaspítalahluta hússins með taðþró, engar athugasemdir. Hlutu hestaaðstöðunnar er nýtt sem skoðunarstofu með ómskoðun.

Fóðurgeymsla er uppi á millilofti með vetrarforða af heyböggi, engar athugasemdir.

Lyfjageymslan er læst og í henni er öryggisskápur fyrir sérstök lyf. Lyfjaeftirlitið er með reglubundið eftirlit.

Digital röntgenbúnaður er til staðar.

Brennsluofn er staðsettur fyrir utan húsnæðið. Sjálfvirk tímastýring er á ofninum og er hann einungis í gangi á næturnar. Ofninn stöðvast ef hlerinn er opnaður á meðan hann er í gangi.

Skráningar voru skoðaðar, en skráð er dags. magn og tegund. Oftast er um 40-50 kg brennd í einu að meðaltali fimm sinnum í viku.

Hrætunna fyrir löggreglu til staðar, en löggreglan er einnig með eigin tunnu sem komið er með.

Að sögn mun brennsluofnninn mögulega verða settur inn í gám meðfram breytingum á húsnæðinu.



Reykjavíkurborg

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Hreinlæti og þrif

Ræstigeymsla og þvottahús með ræstivaski. Verktaki þrifur. Engar athugasemdir við þrif við eftirlit.

Handspritt og sápa við alla vaska.

Meindýravarnir og úrgangur

Firring ehf. sér um reglulegar meindýravarnir. Kvittanir voru skoðaðar í eftirliti.

Kvittanir fyrir skilum á spilliefnum til Efnamóttökunnar voru til staðar (u.p.b. tvisvar á ári).

Dýrahræ sem ekki eru brennd er farið með í förgun í Álfnes. Skoðaðar voru kvittanir frá Sorpu í eftirliti.

Kröfur

Niðurstaða eftirlits

Á einungis við starfsleyfiskyld fyrirtæki í Reykjavík. Niðurstaða er birt á heimasiðu Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur að loknum andmælarétti. Jafnframt er hægt að óska eftir að fá eftirlitsskýrslu senda

- 5 - Kröfur uppfylltar / fáeinar ábendingar
- 4 - Fáein frávik / ábendingar
- 3 - Frávik / ábendingar
- 2 - Aðkallandi frávik / ábendingar
- 1 - Starfsemi takmörkuð / stöðvuð að hluta
- 0 - Starfsemi stöðvuð

Hollustuhættir:	5
Matvæli:	Á ekki við
Mengunarvarnir:	5
Heildareinkunn:	5





Árið 2020, mánudaginn 30. mars, fundaði úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála í gegnum fjarfundabúnað. Pátt tóku Nanna Magnadóttir forstöðumaður, Aðalheiður Jóhannsdóttir prófessor og Ásgeir Magnússon dómtjóri.

Fyrir var tekið mál nr. 8/2020, kæra vegna eftirlits með bálfórum gæludýra.

Í málinu er nú kveðinn upp svofelldur

úrskurður:

Með bréfi til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 7. febrúar 2020, er barst nefndinni sama dag, kærir Guðbrandur Jónsson, Hamrakór 9, Kópavogi, Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkurborgar og Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja vegna eftirlits með bálfórum gæludýra. Gerir kærandi m.a. þá kröfu að skorið verði úr því hvort dýraspítalar á höfuðborgarsvæðinu hafi gilt starfsleyfi til reksturs bálfaraofna. Jafnframt er Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis kært fyrir að vísa ekki í gilt starfsleyfi til brennslu gæludýra í umdæminu. Loks er Dýraspítalinn í Víðidal kærður fyrir ætlaða sviksemi í þjónustu sinni við gæludýraeigendur.

Gögn málsins bárust úrskurðarnefndinni frá Reykjavíkurborg 2. mars 2020.

Málsatvik: Hinn 27. desember 2019 fór kærandi með hund sinn í aflífun til Dýraspítalans í Víðidal. Samkvæmt gögnum málsins borgaði kærandi fyrir sérbrennslu og þar til gert box fyrir ösku. Kærandi sendi fyrirspurn með tölvupósti 30. s.m. til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur og spurðist fyrir um hvort dýraspítalinn hefði starfsleyfi til bálfara eða fyrir bálstofu gæludýra. Var honum svarað því til að dýraspítalinn hefði gilt starfsleyfi. Bálstofan væri ekki tiltekin sérstaklega í því en væntanlega hefði verið litið svo á að hún félli þar undir. Brennsluofninn og skráningar sættu skoðun í reglubundnu eftirliti með starfsemi dýraspítalans. Kærandi sendi tölvupóst að nýju til eftirlitsins 2. janúar 2020 þar sem farið var fram á að það kannaði hvort brennsluofninn á dýraspítalanum hefði verið notaður á tímabilinu frá 28. desember 2019 til 6. janúar 2020. Vísaði kærandi til þess að hann hefði borgað 50.000 kr. fyrir förgun á hundinum sínum, en samkvæmt upplýsingum frá sorpeyðingarstöðinni Kölku í Reykjaneshús brenni þeir gæludýr fyrir Dýraspítalann í Víðidal fyrir u.þ.b. 2.000 kr. Tiltók kærandi og að hann hefði ekki séð ofn dýraspítalans virkjaðan eða í gangi á tilgreindu tímabili.

Heilbrigðiseftirlitið svaraði erindi kæranda með tölvupósti 22. janúar 2020. Var vísað til þess að í reglubundnu eftirliti undanfarin ár hefði verið staðfest að brennsluofn dýraspítalans væri eingöngu starfræktur á nótinni. Sjálfvirk tímastýring væri á ofninum. Dagbrennsla hefði ekki farið fram síðan árið 2016. Samhlíða var kærandi í samskiptum við Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis í þeim tilgangi að fá felld niður gjöld ársins 2020 vegna hundsins og krafðist hann þess jafnframt að kannað yrði hvort dýraspítalinn hefði látið bálför dýrsins fara fram hjá Kölku, Reykjaneshús. Var honum svarað svo með tölvupósti 21. janúar 2020 að samkvæmt eftirgreinnslan eftirlitsins væri dýraspítalinn með brennsluofn og sæi sjálfur

um brennslu. Þá var kæranda tilkynnt að reikningur vegna gjalda ársins 2020 hefði verið felldur niður.

Málsrök kæranda: Kærandi bendir á að tilgangur kærunnar sé að fá úr því skorið hvort dýraspítalar á höfuðborgarsvæðinu hafi gilt starfsleyfi til reksturs bálfaraofna fyrir gæludýr eða hvort bálfaraofnar á þeirra vegum séu skraut til að blekkja gæludýraeigendur til að borga okurverð fyrir þjónustu sem sé ekki framkvæmd af þeim sjálfum heldur sorpbrennslustöðum annars staðar.

Málsrök Reykjavíkurborgar: Af hálfu Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur er farið fram á frávísun málsins þar sem engin stjórnvaldsákvörðun hafi verið tekin af hálfu eftirlitsins og því sé engin kæranleg ákvörðun fyrir hendi. Heilbrigðiseftirlitið vísar til þess að dýraspítalar séu starfsleyfis- og eftirlitsskyldir samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðum byggðum á lögunum sem eigi við um slíka starfsemi. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hafi eftirlit með Dýraspítalanum í Víðidal og sé hann með gilt starfsleyfi frá heilbrigðisnefnd Reykjavíkur, sem hafi verið endurnýjað 20. apríl 2010, og gildi það til 20. apríl 2022. Kalka á Suðurnesjum sé rekin á starfsleyfi útgefnu af Umhverfisstofnun. Dýraspítalanum beri að meðhöndl aúrgang á fullnægjandi hátt, þ.m.t. geymslu, flutning og förgun hans. Dýrahraejum sé ýmist fargað á urðunarstaðnum í Álfnesi eða þau brennd í brennsluofni á staðnum að ósk eigenda dýranna. Heilbrigðiseftirlitið hafi ekki eftirlit með afdrifum einstakra dýra sem send séu til brennslu á Dýraspítalanum eða fargað á annan hátt að öðru leyti en því að skráningar yfir fjölda brennsla í brennsluofni og kvitanir fyrir förgun á dýrahraejum í Álfnesi séu skoðaðar í reglubundnu eftirliti. Ekki hafi verið gerð athugasemd við meðferð og förgun dýrahraeja undansfarin ár, en krafist hafi verið ítarlegri skráningar á brennslu dýrahraeja, þ.e. fjölda dýra og þyngd, við eftirlit 31. ágúst 2016. Búið hafi verið að bæta úr því við síðasta eftirlit 1. nóvember 2018. Vegna kvartana um ólykt frá brennsluofni hafi brennsla dýrahraeja aðeins farið fram á nótturni síðustu ár.

Haft hafi verið samband við forsvarsmenn Dýraspítalans í kjölfar kærunnar og hafi engar breytingar orðið á meðferð og förgun dýrahraeja frá síðasta eftirliti. Heilbrigðiseftirlitið hafi yfirfarið skráningar og komi þar fram að hundur kæranda hafi verið brenndur með sérbrennslu á Dýraspítalanum í Víðidal 28. desember 2019.

Af hálfu Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja var upplýst að það hefði enga aðkomu að þessu máli, enda hefði það hvorki eftirlit með sorpeyðingarstöðinni Kölku né Dýraspítalanum í Víðidal.

Niðurstaða: Starfsemi dýraspítala er starfsleyfisskyld skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. og V. viðauka laganna, og skal starfsleyfi til þeirrar starfsemi gefið út af heilbrigðisnefnd, sbr. 1. mgr. 7. gr. laganna. Samkvæmt 54. gr. sömu laga fer fram eftirlit með starfsleyfisskyldri starfsemi sem tekur til athugunar á öllum þáttum umhverfisáhrifa viðkomandi starfsemi sem máli skipta sem og hollustuhátt. Kæruehilmild er að finna í 65. gr. laganna þar sem segir að stjórnvaldsákvarðanir sem teknar eru á grundvelli laganna, reglugerða settra samkvæmt þeim eða heilbrigðissamþykkt sveitarfélaga sæti kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, en samkvæmt 1. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála hefur úrskurðarnefndin það hlutverk að úrskurða í

kærumálum vegna stjórnvaldsákvarðana og ágreiningsmálum vegna annarra úrlausnaratriða á sviði umhverfis- og auðlindamála eftir því sem mælt er fyrir um í lögum á því sviði.

Kærandi gerir einkum að ágreiningsefni hvernig staðið hafi verið að brennslu gæludýrs hans af hálfa dýraspítala sem hann leitaði til um þá þjónustu. Ágreiningur þeirra á milli er einkaréttarlegs eðlis sem framangreind kæruheimild tekur ekki til og því er ekki á valdsviði úrskurðarnefndarinnar að fjalla um hann.

Kærandi leitaði jafnframt til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur sem eftirlitsaðila með starfseminni og svo sem greinir í málavaxtalýsingu var hann upplýstur um að fyrir lægi gilt starfsleyfi fyrir henni sem jafnframt tæki til brennsluofs. Einnig var kærandi upplýstur um að reglulegt eftirlit færi fram með starfseminni. Í kjölfar kæru hefur eftirlitið yfirfarið skráningar dýraspítalans þar sem fram kemur að hundur kæranda hafi verið brenndur þar með sérbrennslu 28. desember 2019. Aðspurt upplýsti Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis einnig að dýraspítalinn hefði starfsleyfi og að þar væri sinnt brennslu. Jafnframt felldi eftirlitið niður gjöld vegna hundahalds kæranda 2020. Verður ekki séð af þessari atburðarás eða gögnum málsins að öðru leyti að nein sú ákvörðun liggi fyrir sem kæranleg sé til úrskurðarnefndarinnar skv. 65. gr. laga nr. 7/1998, sbr. og 1. gr. laga nr. 130/2011, eða skv. almennri kæruheimild 26. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Þá kom Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja ekki að málín.

Með vísan til alls þess sem að framan er rakið verður kærumáli þessu vísað frá úrskurðarnefndinni.

Úrskurðarorð:

Kærumáli þessu er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Nanna Magnadóttir (sign)

Aðalheiður Jóhannsdóttir (sign)

Ásgeir Magnússon (sign)

